

Fyrir hverja

Almenni lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Góð lífeyrissréttindi

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Ávöxtun að eigin vali

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sjö ávöxtunarleiða fyrir viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar geta valið fleiri en eina ávöxtunarleið og geta einnig breytt um leiðir síðar. Kosturinn við að greiða viðbótarsparnað í Almenna lífeyrissjóðinn er m.a. lágur kostnaður en sjóðurinn býður sjóðfélögum að fjárfesta með sjóðnum á sömu kjörum og lífeyrissjóðurinn.

Helstu kennitölur

|                             | Ævisafn I | Ævisafn II | Ævisafn III | Ríkissafn | Innlánasafn | Skuldabréfa-safn | Samtryggingar-sjóður | Erlent verðbréfasafn |
|-----------------------------|-----------|------------|-------------|-----------|-------------|------------------|----------------------|----------------------|
| Nafnávöxtun frá áramótum    | 4,3       | 4,5        | 5,1         | 5,8       | 5,4         | 7,0              | 0,7                  | 3,5                  |
| Raunávöxtun frá áramótum    | 0,7       | 0,9        | 1,4         | 2,1       | 1,7         | 3,3              | 0,8                  | -0,1                 |
| Raunávöxtun árið 2024       | 8,7       | 7,4        | 5,0         | 2,7       | 1,7         | 2,3              | 7,4                  |                      |
| Raunávöxtun árið 2023       | 3,2       | 2,4        | 1,3         | -0,5      | 0,6         | -0,2             | 2,2                  |                      |
| Raunávöxtun á ári sl. 3 ár  | 4,1       | 3,5        | 2,5         | 1,3       | 1,3         | 1,8              | 3,3                  |                      |
| Raunávöxtun á ári sl. 5 ár  | 2,7       | 1,8        | 0,9         | -1,8      | 0,7         | 0,8              | 1,5                  |                      |
| Raunávöxtun á ári sl. 10 ár | 4,3       | 3,6        | 2,5         | 1,0       | 1,3         |                  | 3,4                  |                      |
| Raunávöxtun á ári stofnun   | 2,7       | 3,0        | 1,6         | 2,6       | 1,8         | 1,4              | 2,3                  |                      |
| Heildarstærð m.kr.          | 64.044    | 106.145    | 59.507      | 1.647     | 36.634      | 1.732            | 239.232              | 277                  |

Eignasamsetning, %

|                    | Ævisafn I | Ævisafn II | Ævisafn III | Ríkissafn | Innlánasafn | Skuldabréfa-safn | Samtryggingar-sjóður | Erlent verðbréfasafn |
|--------------------|-----------|------------|-------------|-----------|-------------|------------------|----------------------|----------------------|
| Innlend skuldabréf | 23,3      | 36,0       | 50,2        | 97,5      |             | 88,9             | 36,4                 |                      |
| Innlend hlutabréf  | 15,7      | 12,9       | 6,2         |           |             |                  | 12,7                 |                      |
| Innlán             | 1,6       | 1,8        | 11,0        | 2,5       | 100,0       | 11,1             | 1,7                  | 10,6                 |
| Erlend verðbréf    | 55,7      | 43,7       | 24,2        |           |             |                  | 43,5                 | 65,0                 |
| Erlend skuldabréf  | 3,7       | 5,6        | 8,3         |           |             |                  | 5,5                  | 24,4                 |
| Innlendar eignir   | 40,6      | 50,7       | 67,4        | 100,0     | 100,0       | 100,0            | 50,8                 | 10,5                 |
| Erlendar eignir    | 59,7      | 49,3       | 32,6        |           |             |                  | 49,2                 | 89,5                 |

## Um ávöxtunarleiðir

| Ávöxtunarleiðir      | Fjárfestingarstefna                       | Fyrir hverja                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|----------------------|-------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Ævisafn I            | 30% skuldabréf<br>70% hlutabréf           | <b>Ævisafn I</b> hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum að stórum hluta.                                                                                                             |
| Ævisafn II           | 45% skuldabréf<br>55% hlutabréf           | <b>Ævisafn II</b> hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum sem vega um 45% og hlutabréfum sem vega um 55% í stefnu safnsins.                                                          |
| Ævisafn III          | 70% skuldabréf<br>30% hlutabréf           | <b>Ævisafn III</b> hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn og vilja taka litla áhættu. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun með auknu vægi skuldabréfa.                                                                                            |
| Samtryggingarsjóður  | 45% skuldabréf<br>55% hlutabréf           | Með greiðslum í <b>samtryggingarsjóð</b> ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 60 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.                                                 |
| Ríkissafn            | 100% ríkisskuldabréf                      | <b>Ríkissafn</b> hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína í ríkisskuldabréfum og geta þolað nokkrar sveiflur í ávöxtun. Safnið hentar vel fyrir sjóðfélaga sem vilja fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins sem eru að hluta verðtryggð og geta horft til meðal langs tíma. |
| Innlánasafn          | 100% innlán                               | <b>Innlánasafn</b> er ávaxtað að öllu leyti á innlánsreikningum. Ávöxtun er sambærileg og ávöxtun á verðtryggðum bankareikningum með hæstu vöxtum á hverjum tíma og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi í landinu.                                                                  |
| Skuldabréfasafn      | 100% skuldabréf og innlán                 | <b>Skuldabréfasafnið</b> fjárfestir í vel dreifðu innlendu skuldabréfasafni, bæði ríkisskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, sveitafélagabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum og veðskuldabréfum.                                                                                             |
| Erlent verðbréfasafn | 30% skuldabréf og innlán<br>70% hlutabréf | <b>Erlent verðbréfasafn</b> fjárfestir aðfarið í erlendum verðbréfum. Safnið fjárfestir að mestu í skráðum verðbréfum en einnig að hluta í óskráðum verðbréfum.                                                                                                                           |

### Af hverju Almenni?

- Enginn milliliður sem þarf að fyrir rekstur sjóðsins
- Sjóðurinn stefnir að lágmarkskostnaði þannig að ávöxtun skili sér sem mest til sjóðfélaga
- Sjóðfélagar kjósa stjórnarmenn
- Eingöngu sjóðfélagar sitja í stjórn
- Sjö ávöxtunarleiðir: Sjóðfélagar geta breytt ávöxtunarleið á sjóðfélagavef hvenær sem þeir vilja.

### Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn  
Dalvegur 30, 201 Kópavogur

**Almenni.is**

Lífeyrissjóðanúmer

- Lágmarksiðgjöld: 005
- Viðbótariðgjöld: 004
- Endurhæfingarsjóður: R005

Iðgjaldareikningur: 513-26-410000  
Kennitala: 450290-2549

### Skipulag

Stjórn: Sigríður Magnúsdóttir (formaður),  
Arna Guðmundsdóttir (varaformaður),  
Albert Þór Jónsson, Elva Ósk S. Wíium,  
Már Wolfgang Mixa og Þórarinn Guðnason.

**Til vara:** Evgenía Mikaelsdóttir, Frosti Sigurjónsson og Lára Jónsdóttir

**Framkvæmdarstjóri:** Gunnar Baldvinsson